

MINNISBLAÐ

DAGS.

06.06.2024

MÁLEFNI

Minnisblað um uppfærslu á aðalskipulagsbreytingu eftir afgreiðslu Skipulagsstofnunar fyrir auglýsingu.

SENDANDI

Anna Katrín Svavarsdóttir

DREIFING

Óskar Örn Gunnarsson
Helena Ósk Óskarsdóttir

Afgreiðsla Skipulagsstofnunar

Þann 29. maí 2024 sendi Skipulagsstofnun bréf þess efnis að búið væri að fara yfir breytingartillöguna en gerði jafnframt nokkrar athugasemdir. Þá kom fram að Skipulagsstofnun mun ekki gera athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga eftir að brugðist hefur verið við þeim atriðum sem komu fram í bréfinu.

Uppfærsla á skipulagstillögu eftir afgreiðslu Skipulagsstofnunar

Skipulagsráðgjafi hefur nú farið yfir athugasemdir/ábendingar frá Skipulagsstofnun og gert breytingar. Yfirlit yfir þær breytingar má sjá hér fyrir neðan og er þeim skipt upp eftir köflum.

Inngangur

- Orðalag um stærð svæðis íbúabyggðar var gert skýrara.

Forsendur og staðhættir

- Í kafla 2.2 *Stækkun á íbúðarbyggð ÍB8 Eyri* var bætt við texta um texta hvernig verði haldið í dreifbýlisýfirbragði
- Í kafla 2.6 *Ofanflóðahættumat*. Mynd var uppfærð og texti um að fyrir liggja uppfærsla á ofanflóðahættu mati var fellt út.
- Í kafla 2.7.1 *Breyting á stefnu um íbúabyggð* þá var bætt við texta um ástæður breytingar. Þá var bætt við texta um áherslur Kjósarhrepps um að halda í dreifbýlisýfirbragð og hvernig skuli staðið að því.
- Í kafla 2.8 *Tengsl við aðrar áætlanir* var bætt við umfjöllun m.a. vegna athugunar Skipulagsstofnunar og nýrrar Landsskipulagsstefnu.

Breyting á aðalskipulagi

- Í kafla 3.2 *Landbúnaðarsvæði* var gerð breyting á stefnu í breyttu skipulagi. Breytingartillagan er nú: „Samfellt landbúnaðarland (flokkur I og II) sem er vel fallið til búvöruframleiðslu skal varðveita til slíkra nota eins og kostur er. Horfa skal til flokkunar landbúnaðarlands með tilliti til ræktunarskilyrða þegar skipta á landi upp til annarrar nýtingar og ákvæða jarðalaga um vernd landbúnaðarlands“.

Umhverfisáhrif

- Bætt var inn nýjum undirkafla, 4.2.1 *Breytt stefna um íbúabyggð í sveitarfélaginu*, sem fjallar um umhverfisáhrif af breyttri stefnu og núverandi stefnu (núll kosti). Umfjöllun er um þær breytingar sem geta orðið á *ásýnd og landslag og samfélag*.
- Gerð var breyting á undirkafla 4.2.2 *ný íbúabyggð, ásamt nýju brunnsvæði og verndarsvæðum*. Þar sem m.a. var bætt inn texta í áhrif á samfélag (valinn kostur) og áhrif á *ásýnd og landslag* (núll kostur).
- Gerðar voru nokkrar orðalagsbreytingar á undirkafla 4.2.3 *Nýtt verslunar og þjónustusvæði, ásamt skilgreiningu á brunn og verndarsvæðum*.
- Bætt var inn texta í kafla 4.3. *Niðurstaða umhverfismats* þess efnis að sveitarfélagið vill efla byggð en halda í dreifbýlisyfirbragð.

Málsmeðferð og umsagnaraðilar

- Nú er gert ráð fyrir að skipulagstillagan verði kynnt og auglýst um miðbik árs 2024 en ekki fyrri hluta árs 2024.

Skipulagsuppráttur

- Hættumatslínur á upprætti voru uppfærðar samkvæmt gögnum frá Veðurstofu Íslands (júní 2024).